

Mánudaginn 10. marz 1969.

Nr. 129/1968. **Bæjarstjórinn í Kópavogi f. h. bæjarsjóðs**

(Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

Ingólfi Finnbjörnssyni og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kaupgjaldsmál. Fébætur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1968. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. september 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 359.449.00 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að gildi 4. gr. laga nr. 38/1954 takmarkast af ákvæðum 20. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn í Kópavogi f. h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Ingólfi Finnbjörnssyni, kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. marz 1968, hefur Ingólfur Finnbjörnsson, Hávegi 7, Kópavogi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. nóvember 1967, á hendur Hjálmari Ólafssyni bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Kópavogs til greiðslu á fébótum að upphæð kr. 386.425.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til þess að greiða honum hæfilegan málskostnað að mati réttarins. Málið var endurupptekið þann 28. marz og dómtekið aftur sama dag. Aðiljar gera sömu dómkröfur og áður.

Málavöxtum hefur stefnandi lýst þannig í stefnu og greinargerð: Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 22. maí 1957 var bæjarfógetanum í Kópavogi heimilað að ráða til starfa í umdæmi sínu einn ríkislögregluþjón frá 1. júlí 1957 að telja með launum samkvæmt lögum, enda verði hann jafnframt skuldbundinn til þess að annast tollgæzlustörf, eftir því sem óskað yrði eftir og aðstæður leyfðu.

Bæjarfógeti auglýsti eftir lögreglumönnum, og bárust sjö umsóknir, og var stefnandi þessa máls einn af umsækjendunum. Bæjarfógeti lagði til að stefnandi yrði ráðinn til starfans. „Hann hefur fengið beztu meðmæli frá yfirmanni sínum í mörg ár, Hannesi Pálssyni, fyrrverandi skipstjóra á Gylli og Ingólfi Arnarsyni“, segir í bréfi bæjarfógeta. „Leyfi ég mér að óska eftir, að ráðning þessa manns fari fram hið allra fyrsta“, segir svo í bréfinu.

Í bréfi bæjarfógeta Kópavogs, dags. 12. desember 1963, til bæjarstjóra Kópavogs, segir svo: „Samkvæmt lögreglumannalögum hættir ríkissjóður að launa einstaka lögreglumenn utan Reykjavíkur, en greiðir hins vegar mjög aukinn hluta kostnaðar af lög-gæzlu í sveitarfélögum, svo sem yður, hr. bæjarstjóri, er kunnugt.

Hér starfar einn ríkislögreglumaður, Ingólfur Finnbjörnsson aðalvarðstjóri. Ríkissjóður hefur greitt honum laun og hættir því um næst komandi áramót. Ég leyfi mér því að óska þess, að Ingólfur Finnbjörnsson fái frá 1. janúar 1964 greidd laun úr bæjarsjóði Kópavogs samkvæmt 18. flokki launasamnings með þeim aldurshækkunum, sem þér eða bæjarráð kynnuð að ákveða.

Ingólfur mun óska eftir að vera áfram í lífeyrissjóði starfs-

manna ríkisins, og leyfi ég mér að óska eftir, að þér gerið í því sambandi viðeigandi ráðstafanir.

Laun Ingólfs fyrir 1963 munu verða dregin frá hluta ríkissjóðs af löggæzlukostnaði 1963“.

Í svarbréfi bæjarstjóra, dagsettu 23. desember 1963, til bæjarfógetans segir svo: „Samkvæmt óskum yðar hr. bæjarfógeti í bréfum, dagsettum 12. þ. m., verða þeir Ingólfur Finnbjörnsson, aðalvarðstjóri, og Svanberg Skafti Ólafsson, lögregluþjónn, teknir inn á launaskrá Kópavogsskaupstaðar frá 1. janúar 1964 að telja“.

Hinn 10. september 1965 ritar svo bæjarfógeti Ingólfi Finnbjörnssyni svofellt bréf: „Hér með leyfi ég mér að tilkynna yður, hr. lögregluvarðstjóri, að ég hefi í dag sent sakadómi Kópavogs beiðni um að halda dómsrannsókn út af meintum ávirðingum yðar sem lögregluvarðstjóri. Hef ég samstundis vikið sæti sem sakadómari og sent málið dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með beiðni um skipun setudómara.

Jafnframt leyfi ég mér að tilkynna yður, að frávikning yðar úr starfi um stundarsakir framlengist þar til rannsókn málsins í sakadómi er lokið og dómur genginn eða ákvörðun tekin á grundvelli niðurstaðna rannsókna.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur ákvörðun um, hvort yður verða greidd laun á meðan að einhverju eða öllu leyti“.

Þessu bréfi bæjarfógetans svaraði bæjarstjórn Kópavogs á þessa leið samkvæmt bréfi bæjarstjóra, dagsettu 22. september 1965, til bæjarfógeta:

„Á fundi bæjarráðs Kópavogs 21. þessa mánaðar var lagt fram bréf yðar, dags. 10. 9. 1965, varðandi laun varðstjóra frá störfum um stundarsakir og um ákvörðun launa, meðan á dómsrannsókn stendur.

Bæjarráð lítur svo á, að þar sem þér hafið farið með mál þetta samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954, þá beri samkvæmt 9. gr. þeirra laga að greiða varðstjóranum hálf föst laun, meðan á dómsrannsókn stendur. Þetta tilkynnist yður hér með“.

Stefnandi mótmælti strax þessari brottvikningu.

„Í tilefni þess, að þér hafið veitt mér undirrituðum laun frá störfum sem aðalvarðstjóri í lögreglu Kópavogs frá og með 6. 9. til 20. s. m., ber ég hér með fram eindregin mótmæli mín. Þér hafið borið mig sökum, sem ég viðurkenni ekki, og eru þær lagðar til grundvallar þessari aðgerð yðar. Ég áskil mér fullan rétt til málshöfðunar vegna ofangreinds, hvenær sem mér hentar“.

Hinn 29. marz 1966 skrifaði svo bæjarfógeti stefnanda svohljóðandi bréf:

„Hér með eru þér, hr. aðalvarðstjóri, leystur frá störfum sem aðalvarðstjóri í lögregluliði Kópavogs samkvæmt heimild í 1. gr. laga um lögreglumenn nr. 56/1963 og í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38, 14. apríl 1954.

Í rannsókn þeirri, sem hófst í september 1965, út af kærur á hendur yður um nokkrar ávirðingar í starfi, tel ég hafa komið fram upplýsingar, sem sýni, að þér eruð ekki fallinn til að gegna starfi aðalvarðstjóra í lögregluliði Kópavogs. Samkvæmt því þykir óhjákvæmilegt vegna hagsmuna lögregluliðsins — og þar með almanna hagsmuna — að leysa yður frá starfi yðar. Ég hefi borið framangreint álit mitt undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, og hefur það fallið á skoðanir mínar og fyrirfram samþykkt lausnina“.

Saksóknari ríkisins felldi svo málarekstur þennan gegn stefnanda niður með svofelldu bréfi, dags. 31. marz 1966:

„Eftir viðtöku bréfs yðar, hr. sakadómari, dagsettu 14. janúar s.l., sem með fylgdi endurrit dómsrannsóknar, sem þér framkvæmduð sem setudómari í Kópavogi, út af meintum ávirðingum Ingólfs Finnbjörnssonar, lögregluvarðstjóra í Kópavogi, í starfi sínu, skal hér með fram tekið, að m. a. með tilliti til þess, að kærða hefur nú vegna atvika þeirra, sem rannsóknin snýst um, verið vikið úr starfi, skv. meðfylgjandi ljósriti af bréfi dómsmálaráðuneytisins til þessa embættis, dags. í gær, er eigi af ákærvaldsins hálfu krafizt frekari aðgerða í máli þessu“.

Þann 10. apríl 1967 skrifaði lögmaður stefnanda bæjarstjóra Kópavogs svohljóðandi bréf:

„Hér með leyfi ég mér að skrifa yður, hr. bæjarstjóri, vegna frávikningar Ingólfs Finnbjörnssonar úr starfi hinn 1. apríl 1966.

Á fundi bæjarráðs Kópavogskaupstaðar hinn 21. september 1965 var lagt fram bréf bæjarfógetans í Kópavogi varðandi lausn Ingólfs Finnbjörnssonar frá störfum um stundarsakir, meðan á dómsrannsókn stæði í máli hans.

Rannsókn þessi fór síðan fram, og voru skjöl málsins send saksóknara ríkisins með bréfi, dags. 31. marz 1966. Ákvað saksóknari, að ekki skyldi frekari aðgerðir fyrirskipaðar gegn Ingólfi í málinu.

Meðan á rannsókn stóð, eða frá 1. september 1965 til 31. marz 1966, voru Ingólfi greidd hálf föst laun.

Ingólfur Finnbjörnsson telur fyrirvarlausa brottvikningu sína úr starfi ólögsmæta og hefur ákveðið að krefjast bóta fyrir það fjártjón, miska og röskun á stöðu og högum, sem hann hefur orðið fyrir.

Mun hann gera kröfu um fullt kaup fyrir tímabilið 1. september 1965 til 1. apríl og síðan sem svarar 12 mánaðakaupi eftir þann tíma.

Leyfi ég mér að spyrjast fyrir um, hvort möguleikar séu, af yðar hendi, um samkomulag í máli þessu. Vænti ég að heyra svar yðar hið fyrsta“.

Þessu bréfi svaraði lögmaður Kópavogs með bréfi, dags. 28. apríl 1967 á þessa leið:

„Sem svar við fyrirspurn yðar við bréfi til bæjarstjórans í Kópavogi frá 6. þ. m. leyfi ég mér að tjá yður, að það er skoðun bæjaryfirvalda, að umbjóðanda yðar, Ingólfi Finnbjörnssyni, fyrrverandi lögregluvarðstjóra, hafi nú þegar verið greidd laun samkvæmt fyrirmælum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954, 9. gr. Með vísan til bréfs bæjarfógetans í Kópavogi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. marz 1966, og svarbréfs ráðuneytisins, dags. 28. 3. 1966, er bótakröfu umbjóðanda yðar vísað á bug“.

Eftir að hafa móttekið þetta bréf, taldi stefnandi óhjákvæmilegt, að til málssóknar hlyti að koma og hefur því höfðað mál þetta, sem hér liggur fyrir.

Þann 10. september 1965 ritar Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi, sakadómi Kópavogs svohljóðandi bréf:

„Jafnframt því hér með að senda sakadómi Kópavogs skýrslu mína um athugun innan embættisins á því, hvort Ingólfur Finnbjörnsson lögregluvarðstjóri hefði brotið starfsskyldur sínar ásamt þargreindum viðfestum fylgiskjölum, leyfi ég mér að óska eftir því, að mál það, sem gögn þessi fjalla um, verði tekið til dómsrannsóknar, þ. e. meintar ávirðingar lögregluvarðstjóra í starfi. Ég tel fyrst og fremst ástæðu til að rannsaka eftirgreindar ávirðingar, sem ég tel að athugun minni lokinni, að lögregluvarðstjórnin hafi gerzt sekur um:

1. Haldið uppi áróðri við undirmenn sína gegn nauðsyn þýðingarmikils hluta löggæzlu, þ. e. fastrar löggæzlu á Reykjanesbraut, en störf þau eru erfið og unnin við slæmar aðstæður og því frekar óvinsæl af lögreglumönnum. Tel ég því mjög skemmandi fyrir starfsemina, að ábyrgir yfirmenn rísi gegn þeim með áróðri. Ákvörðun um varðgæzlu þessa var

tekin af dómsmálaráðuneytinu eftir ósk bæjarstjóra Kópavogs.

2. Haldið uppi við undirmenn sína áróðri um yfirmann sinn og þeirra, bæjarfógetann í Kópavogi, tel ég úti um allan ága í lögregluliði, ef yfirmanni helzt uppi slíkt tal um stjórnanda, en sum ummæli þess eðlis, að hegningalagabrot væru, ef sönn reyndust.
3. Óeðlileg framkoma við undirmann.
4. Önnur þau brot á starfsskyldum, sem meðfylgjandi gögn eða dómsrannsókn gefur tilefni til“.

Þann 22. september 1965 var Halldór Þorbjörnsson sakadómari skipaður til þess sem setudómari í Kópavogi að fara með og rannsaka mál út af meintum ávirðingum Ingólfs Finnbjörnssonar lögregluvarðstjóra í starfi, með því að hinn reglulegi bæjarfógeti, Sigurgeir Jónsson, hafði vikið sæti í málinu. Liggur dómsrannsókn hans fyrir á dskj. nr. 18 í málinu, og þykir rétt að rekja hana eftir því sem efni standa til.

Stefnandi hefur fyrir dómi neitað því algerlega að hafa haft uppi nokkurn áróður gegn þeirri ákvörðun að halda uppi vöktum á Reykjanesbraut. Hann kveðst yfirleitt aldrei hafa látið uppi neitt álit á þeirri ákvörðun við undirmenn sína. Þó minnst hann þess, að eftir sumarfrí 1965 áttu varðstjórnir og nýskipaðir varavarðstjórnar viðtal við bæjarfógeta að ósk hans. Bar þá varðstöðurnar á góma, og kveðst stefnandi hafa vikið að því, að þær mundi ekki nauðsynlegar á öllum tímum. Hann kveðst hafa látið þetta í ljós, þar sem bæjarfógetinn hafi leitað álits allra viðstaddra. Hann hafi hins vegar heyrt það á ýmsum lögregluþjónum, að þeir teldu vaktirnar ekki nauðsynlegar og voru að ýmsu óánægðir með þær. Þessar varðstöður hafi verið óvinsælar meðal lögreglumanna og mikið um þær talað. Sjálfur kveðst stefnandi ekki hafa staðið þessar vaktir. Stefnandi neitar því með öllu að hafa nokkurn tíma haft uppi meiðandi ummæli um bæjarfógetann og hafi ásanir í þá átt ekki við nein rök að styðjast. Um óviðeigandi framkomu við undirmenn sína segir stefnandi, að hann viti ekki betur en að samstarf sitt við þá hafi verið eðlilegt, þótt það stundum kunni að hlaupa smáhnökrar á samstarfið, eins og alltaf gerist, þegar um stóran hóp starfsmanna sé að ræða.

Ingibergur Sæmundsson lögregluvarðstjóri hefur komið fyrir dóm. Vitnið var ráðinn lögregluþjónn 1. janúar 1958 og var einn af fyrstu lögreglumönnum þar. Stefnandi máls þessa réðst lögregluþjónn nokkru síðar. Eftir að lögreglan varð fjölmennari, voru

stefnandi og vitnið samtímis skipaðir varðstjórar og síðan aðalvarðstjórar.

Vitnið Ingibergur skýrði frá því, að hann hefði ekki átt ýkja mikið samstarf við stefnanda, þeir hafi átt hvor sína vakt og lítið unnið saman samtímis. Vitnið segir, að það hafi ekki mikið rætt við stefnanda umfram það, sem nauðsynlegt var starfs þeirra vegna, og það kveðst aldrei hafa heyrt stefnanda tala við undirmenn sína um stöðuvaktir á Reykjanesbraut. Hins vegar kveðst vitnið hafa heyrt lögreglumenn tala um, að stefnanda væri tíðrætt um, hve nauðsynjalausar umræddar vaktir væru. Ekki fannst vitninu neitt tilefni til að skipta sér af þessu, fyrr en Ingólfur Ingvarsson, sem þá var orðinn varavarðstjóri, kom að máli við það og skýrði því frá ýmsum ummælum stefnanda, er honum höfðu borizt til eyrna og lutu bæði að afstöðu hans til stöðuvaktanna, og sum ummæli voru meiðandi fyrir bæjarfógeta. Vitnið segir, að því hafi fundizt eins og einhver urgur væri í lögregluþjónunum á vakt þess út af því, að það framfylgdi fastara, að fyrirmælunum um stöðuvaktir væri hlýtt heldur en stefnandi gerði á sinni vakt. Vitnið kveðst svo hafa rætt þessi mál einslega við bæjarfógeta. Þá segir vitnið, að það viti ekki til, að stefnandi hafi sýnt undirmönnum sínum ótilhlýðilega framkomu.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti hefur komið fyrir dóm. Vitnið ítrekaði þær ásakanir á hendur stefnanda sem fram komu í bréfi þess, sem áður greinir. Vitnið kveðst hafa fengið þær upplýsingar, sem þar greinir, frá ýmsum starfsmönnum sínum, en ekki kveðst það sjálft hafa heyrt kærða hafa uppi áróður við undirmenn sína í sambandi við varðgæzlu á Reykjanesbraut. Þá segir vitnið, að stefnandi hafi aldrei viðhaft illmæli við það sjálft. Það hafi heldur ekki af eigin raun heyrt eða skynjað óviðurkvæmilega framkomu stefnanda við Guðmund Óskarsson, en við hann mun einkum vera átt með ásökuninni um óeðlilega framkomu við undirmenn. Þá segir vitnið, að í grein, sem stefnandi skrifaði í dagblaðið Tímann 25. september 1965, hafi komið fram mjög annarlegur skilningur á hlutverki og starfsskyldum lögregluvarðstjóra, en í greininni hafi stefnandi sagzt hafa gert tillögur um vaktaskiptingu með þau sjónarmið í huga, að lögreglumenn næðu sem mestu fé út úr kaupgreiðanda. Þá segir vitnið, að það hafi haft vitneskju um, að stefnandi vanrækti að halda uppi varðgæzlu á Reykjanesbraut og þannig ekki farið eftir fyrirmælum, sem hann hafi fengið. Vitnið segir, að á síðastliðnum vetri hafi verið ákveðið að taka upp þessar vaktir og hafi undir-

búningur undir það staðið yfir í nokkra mánuði. Í desember gerði stefnandi að beiðni vitnisins tillögur um fyrirkomulag á væntanlegum vöktum með tilliti til fjölgunar lögreglumanna og miðað við, að næturvakt yrði tekin upp. Þessar tillögur stefnanda hafi að mestu leyti verið lagðar til grundvallar við þá starfshögun, sem gilt hafi. Stöðuvaktirnar komu svo til framkvæmda síðari hluta vetrar, en 3. maí hófust næturvaktir.

Í upphafi var stöðuvöktunum ætlað að standa yfir frá morgni til miðnættis, en þegar það kom til að taka upp næturvaktir, reyndist nauðsynlegt að draga úr þeim. Var þetta til umræðu á nokkrum fundum með varðstjórnum, og á síðasta fundi, sem vitnið hélt með þeim og bæjarritara nálægt mánaðamótunum marz og apríl, var endanlega ákveðið, að stöðuvaktir skyldu standa yfir frá kl. 0730 til kl. 1930. Hafi stefnanda verið fyllilega ljóst, hvernig stöðuvöktunum skyldi háttað.

Í maí kveðst vitnið sjálft hafa orðið vart við, að misbrestur var á því, að umræddum vöktum væri haldið uppi, eins og mælt var fyrir. Tók vitnið eftir því, að lögreglumenn voru ekki á tilskyldum stöðum, þegar stefnandi hafði dagvakt. Af þessu til efni kallaði vitnið varðstjórana báða fyrir sig og brýndi fyrir þeim að gæta þess, að starfsvöktunum væri haldið uppi, og afhenti skrifleg fyrirmæli. Viðstaddur þetta samtal hafi verið Ólafur Sigurðsson fulltrúi.

Í júní var vitnið enn vart við, að misbrestur var á varðgæzlunni, og fékk það að minnsta kosti tvær ábendingar utan úr bæ um það. Þetta leiddi til þess, að vitnið gaf út ný skrifleg fyrirmæli til varðstjóranna. Vitnið kvaðst ekki vita til, að síðan hafi verið vanrækt að halda uppi þessum vöktum, að minnsta kosti ekki svo að orð sé á gerandi, þótt svo geti verið, án þess að það hafi komið til vitundar vitnisins. Vitnið skýrði svo frá, að bæjarstjórn Kópavogs hafi átt frumkvæðið að því, að föst varðgæzla væri tekin upp við Reykjanesbraut. Fékk bæjarstjórnin því til leiðar komið, að $\frac{3}{4}$ hlutar kostnaðar á þeirri ráðstöfun eða öllu heldur $\frac{3}{4}$ hlutar kostnaðar við fimm manna aukningu lögreglu-liðsins yrðu greiddir úr ríkissjóði. Átti vitnið þannig á engan hátt uppástungu að þessari ráðstöfun, en það hafði haft uppi aðrar tillögur um aðgerðir í sambandi við umferð við Reykjanesbraut.

Vitnið kveður stefnanda ekki hafa beitt sér á neinn hátt gegn því, að umræddar vaktir yrðu upp teknar né andmælt þeim einu orði, svo að vitnið muni. Þvert á móti tók stefnandi fullan þátt í að undirbúa aðgerðir þessar. Í ágústmánuði síðastliðnum

átti vitnið fund með varðstjórnum og varavarðstjórum, sem nýlega höfðu verið skipaðir. Á fundi þessum komst stefnandi svo að orði, að sér væri ánægja að sjá um, að vöktum væri haldið uppi á Reykjanesbraut, eftir að hann hafði fengið skrifleg fyrir-mæli í þá átt, en jafnframt viðhafði hann einhver ummæli á þá leið, að varðgæzla þessa staðar væri að hans áliti ekki nauð-synleg í jafnríkum mæli, eins og þá var gert. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvernig orðalagið var, en segir, að þetta hafi verið í fyrsta skipti, sem það heyrði stefnanda segja nokkuð, sem benti til þess, að hann hefði eitthvað við umrædda varðgæzlu að athuga.

Vitnið segir, að því hafi borizt til eyrna, að stefnandi vanrækti að leiðbeina nýliðum í lögreglunni og í því tilefni kveðst það hafa brýnt þetta atriði sérstaklega fyrir varðstjórnum. En eftir því sem vitnið frétti, varð engin breyting á háttum stefnanda þrátt fyrir fyrirmælin.

Lögreglan í Kópavogi hefur tvær bifreiðar til afnota, búnar talstöðvum. Vitnið segir, að til þess hafi verið ætlað, að yfirleitt væri önnur bifreiðin úti til eftirlits, enda hægt að ná í hana gegn-um talstöð, ef þörf þótti. Vitnið segir, að sér hafi borizt til eyrna, að stefnandi vanrækti þetta. Hann hafi verið sagður kalla inn undirmenn sína, fljótlega eftir að þeir fóru af stað í eftirlitsferðir, án þess að ástæða væri til. Vitnið kveðst hafa áminnt hann um þetta atriði, en þær áminningar hafi ekki borið árangur.

Vorið 1965 var að tilhlutan heilbrigðisnefndar ákveðið, að lög-reglan skyldi gefa skýrslur og taka myndir af því, sem áfátt var á almannafæri. Töluvert af skýrslum þess efnis hafi borizt frá vakt Ingibergs Sæmundssonar, en vitnið minnst ekki, að neitt slíkt hafi komið af vakt stefnanda. Vitnið telur, að skrifleg fyrir-mæli um þetta efni hafi legið í varðstjóraherberginu.

Þá segir vitnið, að Einar Blandon hafi sagt sér frá undarlegum viðbrögðum stefnanda í sambandi við útkall vegna bruna að Ný-býlavegi.

Hinn 8. apríl s.l. hvarf stúlka, sem átti heima í starfsmanna-húsi við Sæból, og fannst hún síðar um daginn örend í Foss-vogi. Vitnið segir, að Ingólfur Ingvarsson hafi um hádegi þann dag hringt til sín og skýrt sér frá hvarfi stúlkunnar, og ákvað það þegar að gera ráðstafanir til þess að leitað yrði að henni. Síðan hefur Ingólfur Ingvarsson sagt vitninu, að stefnandi, sem var varðstjóri þennan dag, hafi fengið tilkynningu um hvarf stúlkunnar snemma um morguninn, en ekki gert þegar í stað ráðstafanir til þess, að að henni yrði leitað.

Lögreglunni ber að hafa eftirlit með því, að bifreiðar séu færðar til skoðunar, og segir vitnið, að vakt Ingibergs hafi sérstaklega verið falið það hlutverk að leita uppi óskoðaðar bifreiðar og taka af þeim númer. Ingibergur hafi sagt vitninu, að hann hafi orðið var við óánægju í liði sínu vegna þess, að stefnandi hafi sagt sínum mönnum, að þeir þyrftu ekki að skipta sér af óskoðuðum bifreiðum.

Ásmundur Guðmundsson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá fyrir dómi: Vitnið kveðst hafa verið á vakt með Ingibergi Sæmunds-syni. Vitnið var að því spurt, hvort því væri kunnugt um afskipti stefnanda af stöðuvakt á Reykjanesbraut og hvort hann hefði vanrækt að halda uppi varðstöðu, þegar varðsveit hans hafði þar dagvakt. Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt stefnanda tala um varðstöður þessar. Aftur á móti kvaðst vitnið hafa heyrt um það talað innan lögreglunnar, að stefnandi hafi verið að hnjóða í þessa starfsemi, en ekki kveðst vitnið hafa verið áheyrandi að því. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að stefnandi hafi vanrækt að láta sína menn standa varðstöðu.

Þá kveðst vitnið ekki sjálft hafa heyrt stefnanda viðhafa ill-mæli eða háðsyrði um bæjarfógetann, það hafi hins vegar heyrt orðróm um það innan lögreglunnar. Vitnið kveðst ekki oft hafa hitt stefnanda að máli, það hafi verið helzt á vaktaskiptum og lítill tími verið þá til viðræðna.

Ekki kveðst vitnið neitt geta borið um framkomu stefnanda við Guðmund Óskarsson, þó minnst vitnið þess að hafa heyrt hann einhvern tíma hafa orð á því, að sér þætti Guðmundur frekar þungur í störfum.

Vitnið segir, að þegar það sjálft var nýliði í lögreglunni, hafi stefnandi verið mjög fús að leiðbeina því í starfi og gætt þess hlutverks ágætlega. Varðandi það starf lögreglunnar að hafa eftirlit með þrifnaði í bæjarlandinu, kveðst vitnið ekkert geta sagt um þátt stefnanda í því. Þá segir vitnið, að því sé allsókkunnugt um afskipti stefnanda af útkalli vegna eldsvoða á Nýbýlavegi og aðgerðum hans í sambandi við hvarf stúlku úr bænum 8. apríl s.l.

Vitnið Sæmundur Guðmundsson lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi:

Vitnið kveðst hafa verið á vakt Ingibergs Sæmundssonar. Það kveðst því lítið þekkja til stefnanda og lítið vita um starf hans. Það kveðst aldrei hafa heyrt hann viðhafa nein ummæli um varðstöðurnar á Reykjanesbraut. Ekki kveðst það heldur geta neitt um það borið, hvernig hann gætti þess að halda uppi þessari

varðstöðu. Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt stefnanda viðhafa háðs- né hnjóðsyrði um bæjarfógetann. Vitnið kveðst ekki geta neitt um það borið, hvernig stefnandi rækti störf sín sem lög-regluvarðstjóri.

Vitnið Guðjón Ásberg Jónsson varavarðstjóri hefur borið eftir-farandi fyrir dómi:

Vitnið hafði starfað í lögreglunni í rúm 2½ ár og varð vara-varstjóri í júlí s.l. Það starfar á vakt Ingibergs Sæmundssonar, en fyrir hefur einnig komið, að það hefur starfað í varðsveit stefnanda. Það kveðst því hafa nokkuð takmarkaða vitneskju um það, hvernig stefnandi stjórnaði varðsveit sinni.

Vitnið kveðst ekki minnst þess að hafa heyrt stefnanda ræða um varðgæzluna á Reykjanesbraut. Hins vegar hafi vitnið heyrt það frá undirmönnum hans, að hann hafi haft orð á því, að varð-gæzlan væri óþörf á vissum tímum.

Vitnið kveðst hafa vitað til þess í vor, að þegar varðsveit stefn-anda hafði dagvakt, hafi a. m. k. oft ekki verið hirt um að hafa menn á verði á Reykjanesbraut. Það kveðst vitnið hafa horft á með eigin augum, er það átti leið um Reykjanesbrautina. Einnig hafi fljótt komið upp tal um þetta innan lögregluliðsins og valdið nokkurri óánægju. Vitnið vissi, að skrifleg fyrirmæli komu til varðstjóranna um þessi efni og önnur. Það kveðst telja, að fyrstu fyrirmælin hafi í engu breytt um hátt þann, er stefnandi hafði á varðgæzlunni, en eftir að þessi fyrirmæli voru ítrekuð, muni stefnandi hafa bætt úr þessu og haldið uppi varðgæzlu á Reykjanesbrautinni. Ekki segir vitnið, að stefnandi hafi, svo að það hafi heyrt, viðhaft illmæli eða háðsyrði um bæjarfógetann. Vitnið kveðst ekki af eigin raun geta borið neitt um, hvernig framkoma stefnada var við Guðmund Óskarsson, en hafði heyrt, að samvinna þeirra hafi verið heldur stíð. Vitnið tók fram, að það hefði yfir engu að kvarta út af framkomu stefnanda við sig í þau fáu skipti, er það starfaði á vakt hjá honum. Það kveðst ekki geta sagt um, hvernig hann rækti það hlutverk að leiðbeina nýliðum, sem undir hans stjórn voru.

Vitnið kvaðst hafa tekið eftir því, að stefnandi hirti ekki eins vel um að hafa bifreiðar úti til eftirlits eins og vakt Ingibergs gerði. Þá telur vitnið, að vakt stefnanda hafi ekki eins vel hirt um að hafa eftirlit með þrifnaði í bænum eins og vakt Ingibergs og hafi þetta misræmi í störfum valdið leiðindum meðal lögreglu-liðsins. Þá kveðst vitnið hafa heyrt eftir mönnum stefnanda, að þeim hafi verið sagt, að þeir þyrftu ekki sérstaklega að skipta

sér af óskoðuðum bifreiðum í bænum. Þetta hafi einnig valdið nokkurri óánægju innan lögregluliðsins.

Vitnið kveðst ekki af eigin raun geta sagt um viðbrögð stefnanda í sambandi við brunann á Nýbýlavegi og hvarf stúlkunnar úr Fossvogi, en um síðara tilfellið man vitnið þó, að það var kvatt á aukavakt á hádegi þann dag, er stúlkan hvarf, og að Ingólfur Ingvarsson hafi sagt vitninu, að stefnandi hafi ekki sinnt tilkynningu um hvarfið og hafi því Ingólfur hringt til bæjarfógeta, sem hafi strax skipað svo fyrir, að gripið yrði til skjótra aðgerða í sambandi við hvarfið.

Vitnið Ingólfur Ingvarsson varavarðstjóri hefur borið eftirfarandi fyrir dómi:

Vitnið kvaðst hafa verið í lögreglunni í Kópavogi síðan í febrúar 1963. Eftir að vaktaskiptingu var komið á, var vitnið í varðsveit stefnanda. Varavarðstjóri varð það svo í júlí 1965. Er vitnið var spurt um sakargiftir á hendur stefnanda, sem lúta að varðgæzlu á Reykjanesbraut, skýrði það svo frá:

Varðgæzla þessi var undirbúin í fyrravetur, og vitnið vissi til, að stefnandi átti mikinn hlut í skipulagningu hennar. Vann stefnandi að tillögum sínum í lögregluvarðstofunni, og áttu lögregluþjónarnir kost á að fylgjast með þessu starfi, og var mikið um þetta rætt manna í milli. Ekki heyrði vitnið, að stefnandi hefði neitt við þessar fyrirætlanir að athuga.

Varðgæzlan hófst svo í apríl. Brátt tók að bera á því, að stefnandi gætti ekki strengilega að halda henni uppi. Kom það fyrir, að varðgæzla féll niður með köflum, ein eða tvær stöður í senn. Vitnið vissi, að skýr fyrirmæli voru um, að varðgæzlu þessari væri haldið uppi, enda hafði fjölgun lögreglumanna fengizt fram beinlínis með þessu skilyrði. Fannst vitninu stefnandi sýna mikið hirðuleysi í framkvæmd varðgæzlunnar. Það kveðst hafa haft orð á þessu við hann. Stefnandi eyddi þessu og gerði lítið úr því. Vitnið vissi, að 1. júní voru gefin út skrifleg fyrirmæli um þetta efni. Það kveðst svo hafa farið í sumarfrí í júní, en leit þó alltaf öðru hverju inn á lögregluvarðstofuna. Einhvern tíma um eða upp úr 20. júní kom vitnið á stöðina. Þá hafði sveit Ingibergs vakt. Heyrði vitnið þá á tal manna, að varðgæzlan hefði fallið niður í vikunni á undan, er sveit stefnanda hafði vakt. Var kurr og ólund í mönnum yfir því, að menn hans slyppu miklu betur við gæzluna.

Vitnið var trúnaðarmaður starfsmannafélags Kópavogs. Það kveðst hafa séð ástæðu til þess að skýra bæjarfógeta frá þessum

kurr lögreglumannanna, enda þótt þeir bæru ekki sjálfir fram ósk um það. Eftir það vissi vitnið um það, að bæjarfógeti ítrekaði fyrirælin skriflega. Þrátt fyrir það mun hafa komið fyrir, að varðgæzla félli niður stund og stund.

Vitnið var að því spurt, hvort það hefði heyrt stefnanda við hafa illyrði eða háðsyrði um bæjarfógeta. Vitnið svaraði því til, að er það byrjaði í lögreglunni, hafi stefnanda legið mjög vel orð til bæjarfógeta, en vitninu fannst eins og viðhorf hans færu helzt að breytast í sambandi við svokallað kjörbúðarvagnsmál í fyrrahaust. Stefnandi var þar á öndverðum meiði við aðgerðir fógeta í því máli og var þá ekki myrkur í máli um skoðanir sínar. Einhverju sinni hafi vitnið verið statt á stöðinni ásamt stefnanda, Erlendi Tryggvasyni og Guðmundi Óskarssyni. Sagði stefnandi þá sem svo, að vagninn hefði verið bannaður til þess að þóknast kaupmönnum úti á nesinu. Vitninu var skýrt frá því, hvað stefnandi segði um þetta atriði, og fullyrti vitnið, að það hefði efnislega rétt eftir það, sem stefnandi hafði sagt. Man vitnið, að það komst svo að orði, að þótt það væri svo vitlaust að hugsa þetta, mundi það aldrei hafa látið það út úr sér.

Vitnið kveðst annars ekki hafa heyrt stefnanda beinlínis hafa móðgunarorð um bæjarfógetann. Það man, að það hafði heyrt stefnanda láta orð falla í þá átt, að varðgæzlan væri „sýndarmennska og sett á svið fyrir bæjarbúa“. Þótti vitninu liggja í orðum stefnanda, að hér ætti hann við bæjarfógeta, er hann taldi frumkvöðul varðgæzlunnar.

Þá minnst vitnið þess, að það hafi heyrt stefnanda nota orðið „almætti“ um bæjarfógeta, og fannst vitninu, að það ætti að vera eins konar fyndni.

Vitnið sagði, að áberandi hefði verið, að stefnandi hefði ekki sinnt fyrirælum um að láta lögreglubífreiddar vera úti í eftirliti. Kom að vísu fyrir, að hann sendi út í slíkar eftirlitsferðir, oft með þeim formála, hvort menn nenntu að skreppa út í eftirlit, en þetta hafi verið sjaldan. Oft kom fyrir, að menn báðu um að fara út í eftirlitsferðir, og var þá algengt, að menn væru kallaðir inn skömmu síðar. Stefnandi gætti þess þó að sjá um, að eftirlit væri við Kópavogsbíó að loknum bíótíma. Vitnið segir, að á sínum tíma, er það var nýliði, hafi það fengið leiðbeiningar hjá stefnanda eftir því sem með þurfti. Það hafi fengið lánaðar hjá honum bækur og fengið ábendingar um, hvað það ætti helzt að lesa. Aftur á móti hafi afleysingarmenn á sumrin talið sig fá heldur litlar leiðbeiningar hjá stefnanda. Vitnið var að því spurt, hvort

það hefði fengið fyrirmæli frá stefnanda um að gefa skýrslur um það, sem áfátt væri um þrifnað og umgengni í bænum. Vitnið man, að einhvern tíma, er stefnandi var í fríi, hafi það að gefnu tilefni athugað eða látið athuga umgengni við sælgætisgerð hér í bænum.

Vitnið segir, að stefnandi hafi aldrei sagt við það að skipta sér ekki af óskoðuðum bifreiðum, en hann hafi þó litið svo á, að eftirlit með slíkum bifreiðum væri fyrst og fremst verk vaktar Ingibergs.

Í apríl s.l. hvarf stúlka, sem átti heima í starfsmannahúsi við Sæból. Móðir stúlkunnar tilkynnti hvarfið á lögreglustöðina um morguninn. Stefnandi hafði átt tal við hana. Nokkru síðar hafi verið hringt á ný. Vitnið varð þá fyrir svörum, og var þetta móðir stúlkunnar og kvartaði yfir því, að lögreglan gerði ekki neitt. Vitnið gaf henni símasamband við stefnanda. Hann ræddi lengi við hana. Man vitnið, að hann sagði, að stúlkan væri drykkju-aumingi, og gat þess til, að hún væri á fylliríi. Ekki man vitnið til, að stefnandi hefðist neitt að í tilefni af tilkynningu þessari. Um hádegi, eftir að stefnandi hafði farið í mat, hringdi faðir stúlkunnar og sagði, að hún hefði farið út um nóttina á náttklæðum einum og kápu utan yfir, og taldi allar líkur til, að hún hefði farið sér að voða. Vitnið gerði þá bæjarfógetanum aðvart, en hann mælti svo fyrir, að leit skyldi þegar hafin og aukavakt kölluð út.

Í vetur fyrir áramót hringdi einhverju sinni að næturlagi bifreiðarstjóri, sem taldi sig hafa orðið fyrir árás. Bifreiðarstjóri þessi kom næsta morgun til að kvarta yfir viðbrögðum stefnanda við málaleitan hans. Stefnandi gaf þá skýringu, að hann hefði verið svo syfjaður um nóttina, að hann rétt rámaði í þetta. Vitnið staðfesti þennan framburð sinn með eiði.

Vitnið Guðmundur Einarsson Vestmann lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi:

Vitnið hafði verið í lögregluliði Kópavogs frá því 15. febrúar 1965 og jafnan á vakt Ingibergs Sæmundssonar. Þó var vitnið einu sinni eða tvisvar á vakt með varðsveit stefnanda. Vitnið kveðst þekkja hann fremur lítið.

Vitnið kveðst ekki muna til þess að hafa orðið áheyrandi að því, að stefnandi talaði um þarfleysi varðgæzlu á Reykjanesbraut. Vitnið segist þó hafa orðið þess vart, að starfsfélögum sínum hafi fundizt vakt stefnanda sleppa betur við varðgæzluna heldur en sveit sú, sem það var í. Vitnið minnst þess ekki að

hafa heyrt stefnanda viðhafa háðsyrði eða illyrði um bæjarfógeta. Vitnið kvaðst ekkert geta borið um hegðun stefnanda gagnvart Guðmundi Óskarssyni. Þá sagði vitnið, að sér væri alls ókunnugt um vinnubrögð stefnanda gagnvart nýliðum. Einnig segir vitnið, að sér hafi verið ókunnugt um, hvernig stefnandi lét varðsveit sína haga vinnubrögðum í sambandi við óskoðaðar bifreiðar og í sambandi við eftirlit með umgengni á lóðum og götustæðum.

Kjartan Sigurjónsson kennari hefur komið fyrir dóm og borið eftirfarandi: Vitnið gegndi lögregluþjónsstarfi í Kópavogi frá 1. júní til 1. september 1965 og var í varðsveit stefnanda. Þegar varðsveitin hóf fyrstu dagvakt, eftir að vitnið tók við störfum, var haldin varðgæzla á Reykjanesbraut, a. m. k. nokkurn veginn. Það mun hafa verið, þegar sveitin hafi hætt dagvakt, sem stefnandi hirti ekki um að halda uppi varðgæzlu. Má segja, að hún hafi að miklu leyti fallið niður þá viku.

Vitnið vissi til, að einhvers konar áminning hafði verið gefin. Talaði stefnandi þá mikið um, hversu mikill óþarfi væri að halda uppi þessum vöktum, og virtist allgramur. Kvaðst hann hafa haldið, að fógetinn mundi setja (kíkin fyrir blinda augað). Stefnandi breytti þó svo háttum sínum eftir aðvörunina, að síðan má segja, að hann hafi yfirleitt látið halda varðgæzlu uppi, þótt dæmi kunni að hafa verið til þess, að hún félli niður, svo sem á sunnudagsmorgnum, þegar umferð var lítil.

Stefnandi fór í sumarleyfi nærri miðjum júlí og mun hafa komið aftur skömmu eftir miðjan ágúst. Þótti vitninu magnast mjög umtal hans um varðgæzluna. Þótti vitninu furðulegt og næstum óviðfelldið, hvernig hann talaði. Hann hafi haft ýmiss konar hæðnisyrði og illyrði um bæjarfógeta.

Vitnið kveðst muna, að stefnandi lýsti honum svo, að hann væri „loddari, sem ætti heima á leiksviði“, og að þeir væru góðir saman Björn Einarsson og hann, en Björn þessi er maður, sem er framarlega í leikstarfsemi í Kópavogi. Stefnandi sagði einhvern tíma, að bæjarfógetinn hefði verið nokkuð góður, þangað til kjörbúðarmálið kom upp. Tíðum kallaði stefnandi fógetann „almættið“, þegar hann talaði um hann. Virtist honum vera mjög kalt til hans og allt tal hans um hann í óvirðingartón, og þótti vitninu óþægilegt á það að hlýða.

Í sama skipti, sem stefnandi kallaði bæjarfógetann loddara, kvaðst hann geta sagt vitninu meira um hann. Þegar kviknað hefði í hjá Gunnari á Álfrólsveginum, hefði bæjarfógetinn hneppt hann strax í varðhald, áður en Gunnar hefði borið fram neina

kröfu um tryggingarbætur. Þetta hefði hann bara gert, af því að hann hefði verið hluthafi í tryggingarfélaginu, sem hlut átti að máli.

Sagði stefnandi vitninu þetta svo sem staðreynd væri. Þetta samtal stefnanda og vitnisins fór fram, nokkru áður en vitnið hætti, þ. e. a. s. eftir að stefnandi kom úr sumarleyfi. Þetta samtal hafi farið fram í matartíma, er þeir voru tveir einir á stöðinni.

Vitnið telur, að stefnandi hafi ekki leiðbeint sér nógu vel í starfi og varla verið nógu afgerandi og ákveðinn í stjórn. Hann hafi þó fengið bæklinga, sérprentun á lögum, og sagt vitninu, að gott væri að athuga þá.

Vitnið segir, að stefnandi hafi lítið gert af því að senda lögreglumenn út í almennt eftirlit í lögreglubifreiðum. Það hafi fremur verið lögreglumennirnir, sem tóku það upp hjá sjálfum sér að fara í slíkar eftirlitsferðir. Ekki minnst vitnið þess, að stefnandi bæði menn sína að athuga um þrifnað og umgengni á lóðum og götustæðum.

Vitnið man, að stefnandi sagði, að það væri vaktar Ingibergs að sjá um óskoðaðar bifreiðar og að vakt sín hefði ekkert með slíkt að gera. Vitnið tók þó fram, að það hefði ekki neitt við framkomu stefnanda að athuga í sinn garð, meðan það var í lögreglunni.

Þennan framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Jóhann Tómas Kristjánsson lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi fyrir dómi:

Vitnið kveðst hafa verið í lögregluliði Kópavogs síðan í maí 1964. Það vann í varðsveit stefnanda. Vitnið segir, að sér hafi þótt stefnandi ekki gæta sem skyldi, að vaktir væru staðnar á Reykjanesbraut. Borið hafi nokkuð á því, að þær hafi ekki hafizt á réttum tíma á morgnana. Vitnið segir, að stefnandi hafi haft orð á því, að varðgæzla þessi væri óþörf, og taldi hann hana vera algerlega verk bæjarfógeta. Ekki man vitnið til að hafa heyrt stefnanda viðhafa illmæli um fógetann í því sambandi. Það man heldur ekki eftir því að hafa heyrt stefnanda tala illa um bæjarfógetann í önnur skipti, en man til þess, að það hafi heyrt hann nota orðið „almættið“.

Vitnið kveðst ekki geta sagt, að það hafi haft undan neinu að kvarta í sambandi við fyrirmæli eða leiðbeiningar af hálfu stefnanda, er það var nýliði. Þá segir vitnið, að stefnandi hafi ekki gert mikla gangskör að því að halda mönnum úti í eftirlitsferðum

á lögreglubifreiðunum. Menn hafi að vísu stundum verið sendir út í slíkar eftirlitsferðir, en oft fljótlega kallaðir inn aftur. Fannst vitninu nokkur misbrestur á því, að eftirliti væri haldið uppi sem skyldi.

Vitnið kveðst aldrei hafa fengið fyrirmæli um það frá stefnanda að fylgjast með þrifnaði og umgengni í bænum eða gefa skýrslur um þau efni. Þá segir vitnið, að það viti ekki til, að vakt stefnanda hafi haft nein afskipti af óskoðuðum bifreiðum.

Vitnið segir, að 23. apríl hafi komið tilkynning á lögregluvarðstofuna kl. 1552 um, að kviknað hefði í að Nýbýlavegi 52. Vitnið og Einar Blandon voru að fá sér kaffi, en stefnandi tók við tilkynningunni. Hann sagði við þá félagu, að kviknað væri í, en það væri víst bara í hæsnahúsi. Þegar vitnið og Einar gerðu sig líklega til þess að fara af stað strax, sagði stefnandi við þá, að þeir skyldu ljúka við að drekka kaffið, það lægi víst ekki svo mikið á. Engu að síður fóru þeir strax út og á staðinn. Var um að ræða eld í íbúðarhúsi og var ein gömul kona, og var henni bjargað.

Vitnið segir, að sér hafi þótt stefnandi í meira lagi sinnulaus í starfi sínu. Vitnið kveðst í því sambandi vilja nefna eitt dæmi. Einhverju sinni síðastliðinn vetur kom bifreiðarstjóri á stöðina. Hann kvaðst hafa verið á leið um Skúlagötu og séð þá stúlku, sem var komin út í sjó. Honum tókst að fá hana til að koma til lands og tók hana upp í bifreið sína. Stúlkan sagðist vera úr Hafnarfirði, og ók bílstjórinn suður á leið. Er komið var í Kópavog, sagðist stúlkan vera úr Reykjavík. Leitaði maðurinn því aðstoðar hér út af stúlkunni, sem mun hafa verið mikið drukkin. Stefnandi vildi ekki sinna þessu og sagði sér ekki koma þetta við. Skyldi bílstjórinn fara með stúlkuna til Reykjavíkur. Stóð í nokkru stappi um þetta milli stefnanda og bílstjórans, og á meðan hljóp stúlkan burt úr bílnum. Síðar um nóttina tók stefnandi og Ellert Tryggvason stúlkuna upp í bifreið hér í bænum og fóru með hana til Reykjavíkur. Vitnið vann síðan eið að þessum framburði sínum.

Þorbjörn Ásgeirsson lögregluþjónn hefur borið fyrir dómi eftirfarandi:

Vitnið hóf störf í lögreglunni í júní 1965. Það var á vakt stefnanda. Vitnið kveðst eiga erfitt að segja um, hvort einhverjir misbrestir hafi orðið á varðgæzlu á Reykjanesbraut, en þeir hafi þó ekki komizt hjá að standa vakt þar. Vitnið segir, að þó geti verið, að einstaka sinnum hafi verið sleppt vöktum á sunnudagsmorgn-

um. Að öðru leyti kveðst vitnið ekki hafa heyrt stefnanda tala um stöðuvaktir.

Vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnanda tala illa um bæjarfógetann. Vitið segir, að stefnandi hafi leiðbeint sér í starfi. Vitnið segir, að þegar það var nýkomið, hafi stefnandi ekið með það um bæjarlandið og sýnt því það og sagt vitninu til um götur og staðhætti. Vitnið segir, að að öðru leyti hafi það fengið litlar leiðbeiningar hjá stefnanda. Vitnið segir, að því hafi farið fjarri, að illa færi á milli sín og stefnanda. Þá segir vitnið, að nokkuð hafi verið um það, að lögreglumenn væru úti í eftirlitsferðum á lögreglubífreiðum. Sjálfst var vitnið stundum úti í slíkum eftirlitsferðum. Ekki man vitnið til þess, að lögreglumenn hafi verið kallaðir inn á stöðina af tilefnislausu, það hafi hins vegar heyrt, að eitthvað í þá átt hefði gerzt áður. Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Guðmundur Óskarsson lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi fyrir dómi:

Vitnið kvaðst hafa verið í lögreglunni í 4 ár og verið í varðsveit stefnanda, síðan vöktum var skipt. Vitnið segir, að eftir að varðstöður voru teknar upp á Reykjanesbraut, hafi fljótlega farið að bera á því, að stefnandi hirti ekki um að halda þeim strengilega uppi. Kom það fyrir, að vaktir hófust talsvert síðar á morgnana en til var ætlazt. Sérstaklega hafi mikið á þessu borið eina viku nálægt miðjum júní, féllu þá varðstöður að talsverðu leyti niður. Var t. d. mikið um, að vörður væri aðeins staðsettur á annarri varðstöðunni. Þó munu vaktir hafa verið á báðum stöðum um helgar. Vitnið kveðst hafa heyrt á stefnanda, að honum kæmi á óvart, hve stranglega bæjarfógeti vildi halda vöktunum uppi. Vitnið kveðst einnig hafa heyrt stefnanda í önnur skipti hafa orð á því, að hann teldi varðstöðurnar óþarfar á mörgum tímum. Þá hafi það heyrt stefnanda tala um, að varðstöðurnar væru uppátæki bæjarfógeta.

Vitnið var spurt um, hvort það hefði heyrt stefnanda viðhafa móðgandi eða meiðandi ummæli um bæjarfógetann. Vitnið kvaðst muna eftir einu tlfelli. Gerðist það á lögreglustöðinni í fyrrahaust. Viðstaddir voru auk vitnisins og stefnanda þeir Ellert Tryggvason og Ingólfur Ingvarsson. Stefnandi og Ingólfur Ingvarsson voru þá eitthvað að þræta um „kjörbúðarvagnsmálið“ og voru á öndverðum meiði. Ellert var á sama máli og stefnandi. Vitnið kveðst hafa lagt lítið til málanna, en fullyrðir, að það

hafi heyrt stefnanda viðhafa ummæli í þá átt, að bæjarfógeti hefði látið loka kjörbúðarvagninum til þess að þóknast einhverjum mönnum úti á nesi. Vitnið man, að Ingólfur Ingvarsson sagði, að þótt hann hefði hugsað þetta, hefði hann aldrei látið það út úr sér. Þá var vitnið að því spurt, hvort stefnandi hefði sýnt því ruddaskap og óviðeigandi framkomu. Vitnið kvaðst ekki telja ástæðu til að gera mikið úr því, en þó hafi því fundizt stundum, að stefnanda væri eitthvað í nöp við sig og nefnir í því sambandi tvö tilvik: Vitnið kveðst einhverju sinni hafa haft orð á því við stefnanda, að varðstöðum yrði að jafna niður eftir því sem hægt væri, og rauk stefnandi þá upp með skömmum og sagði vitninu að vera ekkert að þenja sig, það gæti klagast fyrir frænda sínum uppi. Í annað skipti var vitnið að gæta í möppu með kaupútreikningum, sem lá frammi á varðstofunni, kom stefnandi þá inn og rauk upp og skipaði vitninu að hætta að skipta sér af þessari möppu. Var hann þá mjög reiður. Stefnandi hafði aldrei bannað mönnum að líta á þessa möppu, og vissi vitnið ekki, að kaupútreikningar væru neitt launungarmál.

Vitnið kveðst ekki geta borið um, hvernig stefnandi leiðbeindi nýliðum, þó hafi það vitað til, að hann hafi farið út með nýliðum og léð þeim einhverja bæklinga til lesturs.

Vitnið segist hafa vitað til þess, að lögreglan átti að vera úti í eftirliti á bílum, og reyndar hafi það einnig verið gert á vakt stefnanda, en mjög bar á því, að stefnandi kallaði menn fljótlega inn, eftir að þeir fóru út. Telur vitnið, að umrætt eftirlit hafi verið illa rækt hjá stefnanda.

Vitnið segir, að stefnandi hafi aldrei gefið nein fyrirmæli varðandi eftirlit um umgengni og þrifnað á lóðum og götustæðum. Stefnandi hafi sagt mönnum sínum, að vakt Ingibergs hefði alveg að gera með óskoðaðar bifreiðar. Þá segist vitnið hafa verið statt á lögregluvarðstofunni morguninn, sem móðir Sigfríð Thorlacius hringdi og tilkynnti hvarf Sigfríð. Var þetta allsnemma morguns. Vitnið segir, að stefnandi hafi sagt í símann, að stúlkan væri óreglusöm og kynni að vera einhvers staðar í óreiðu. Vildi stefnandi sem minnst úr þessu gera og gerði að sinni engar ráðstafanir út af þessu hvarfi. Framburð þennan hefur vitnið staðfest með eiði.

Vitnið Stefán Bryngeir Einarsson lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi:

Vitnið kvaðst hafa starfað í lögreglunni síðan 23. febrúar s.l.

og verið í varðsveit stefnanda. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við það, að stefnandi vanrækti að senda menn sína út til varðgæzlu á Reykjanesbraut. Vitnið varð að minnsta kosti ekki vart við, að því væri sleppt við þessar varðstöður. Vitnið kveðst þó hafa heyrt, að einhver misbrestur hafi orðið á stöðuvöktunum á tímabilinu 20.—26. júní, en veit ekki sjálft sönnur á því. Vitnið kveðst hafa heyrt stefnanda tala um, að honum fyndist óþarft að hafa umrædda varðgæzlu á öllum tímum og muni hann hafa viðhaft ummæli eins og „sjónarspil“ og „loddaraskapur“ eða eitt-hvað í þá átt í því sambandi. Vitnið kveðst þó ekki geta fullyrt, að stefnandi hafi beint þeim ummælum sérstaklega að bæjarfógeta.

Vitnið kveðst muna eftir því, að er stefnandi kom úr sumarfrí, hafi það eitt sinn vikið talinu að varðgæzlu. Sagði stefnandi þá, að vaktir þessar bæri að standa og þýddi ekkert um það að tala.

Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt stefnanda viðhafa móðganir eða aðdróttanir um bæjarfógeta, nema ef til vill að því leyti er að framan greinir í sambandi við umtal um varðgæzlurnar. Vitnið kvaðst hafa notið leiðbeininga stefnanda í starfinu, svo sem skýrslugerðir o. fl., og hefur það undan engu að kvarta í því efni. Vitnið sagði aðspurt, að það hefði ekki orðið þess vart, að stefnandi gerði mikið að því að kalla varðgæzlumenn, er voru úti í eftirlitsferðum, inn á stöðina aftur að ástæðulausu. Segir vitnið, að sér hafi fundizt eftirlitsstarf lögreglunnar fara fram með eðlilegum hætti. Vitnið kveðst sjaldan hafa verið á hinni vaktinni, en þó hafi það komið fyrir. Tók vitnið ekki eftir, að þessu eftirliti væri hagað öðruvísi þar.

Vitnið kvaðst muna eftir afskiptum lögreglunnar í sambandi við hvarf Sigfrid Thorlacius. Það var inni á lögregluvarðstofunni, er tilkynnt var um hvarf hennar. Stefnandi mun eftir þetta samtal hafa hringt í fangageymsluna í Síðumúla og spurzt fyrir um stúlkuna. Nokkru síðar hringdi móðir hennar aftur, og eftir það bað stefnandi vitnið að fara í bíl og aka meðfram fjörunni og athuga með sjónauka, hvort nokkuð sæist. Gerði vitnið þetta rétt fyrir eða um hádegi. Eftir hádegi var svo hafin leit og lögreglumenn kvaddir á aukavakt.

Vitnið segir, að varðsveit stefnanda hafi ekki fengið bein fyrir-mæli frá honum um að fylgjast með umgengni og þrifnaði í bænum. Vitnið kveðst hafa vitað, að varðsveit Ingibergs vann það verkefni. Stefnandi sagði mönnum sínum frá þessu verk-efni, en lítið mun hafa verið um aðgerðir hans í þá átt. Vitnið

segir, að eftir því sem það bezt viti, hafi eftirlit með óskoðuðum bílum algerlega verið í höndum varðsveitar Ingibergs. Vitnið vann síðan eið að framburði sínum.

Þetta vitni kom svo aftur fyrir dóm til samprófunar, og verður vikið að því síðar.

Vitnið Skafti Ólafsson prentari hefur borið eftirfarandi fyrir dómi. Vitnið var lögregluþjónn í Kópavogi frá áramótum 1963—64 til 28. ágúst 1965. Það var allan tímann í varðsveit Ingibergs Sæmundssonar.

Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort misbrestur hafi verið á því, að sveit stefnanda hafi haldið uppi varðgæzlu á Reykjanesbraut. Það kveðst vita til þess, að stefnandi hafi verið óánægður með fyrirkomulag á varðgæzlunni, og kveðst vita, að hann hafi gagnrýnt það. Vitnið kveðst stundum hafa staðið vakt með varðsveit stefnanda í forföllum. Þótt vitnið vissi til, að stefnandi gagnrýndi varðgæzluna óspart, kveðst það ekki hafa heyrt hann viðhafa í því sambandi illmæli um bæjarfógeta. Hins vegar var svo á honum að heyra, að skipulag það, sem hann var að gagnrýna, væri aðallega verk bæjarfógeta. Vitnið var spurt um, hvort stefnandi hefði ekki hirt um að halda uppi almennu eftirliti í bifreiðum, og svaraði vitnið því til, að það gæti ekki borið um það atriði, nema meðan það var í varðsveit stefnanda og stóð þar á vakt. Vitninu fannst minni áherzla lögð á þennan þátt starfsins en í varðsveit Ingibergs. Þá tekur vitnið fram, að eftirlit með óskoðuðum bifreiðum hafi eingöngu verið haft á vakt Ingibergs og hafi sér þótt þetta einkennilegt og gagnrýnt það. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að á vakt stefnanda hafi verið haft neitt eftirlit með umgengni og þrífnaði í bæjarlandinu eða gefnar skýrslur um það, sem áfátt var í því efni.

Vitnið Garðar Sigfússon lögregluþjónn hefur borið eftirfarandi fyrir dómi.

Vitnið kvaðst hafa verið í lögregluliði Kópavogs síðan 1. febrúar og verið allan tímann í varðsveit Ingibergs Sæmundssonar. Vitnið kveðst því lítið vera kunnugt starfsháttum stefnanda í lögregluliðinu. Það hafi örsjaldan, einu sinni eða tvisvar, verið á vakt með varðsveit hans. Vitnið kveðst ekki vita af eigin raun, hvernig stefnandi hagaði varðstöðum á Reykjanesbraut, en tekur þó fram, að á sunnudagsmorgnum hafi Ingibergur stundum sleppt að láta standa vörð á Reykjanesbrautinni, en vitninu skildist það af mönnum stefnanda, að hann léti þá einnig standa vörð.

Vitnið man ekki til þess að hafa heyrt stefnanda tala um

varðgæzlu á Reykjanesbraut og gagnrýna hana. Þá kveðst vitnið ekki hafa heyrt hann viðhafa móðgunar- eða skammaryrði um bæjarfógeta. Vitnið kveðst ekki vita af eigin raun, hvernig stefnandi rækti þann þátt lögreglustarfsins að láta lögreglumenn vera á ferli í bifreiðum til almenns eftirlits. Það hafi heyrt frá einhverjum af mönnum hans, að þeir teldu, að stefnandi hefði átt að sinna meira þessum þætti starfsins.

Einar Blandon lögregluþjónn hefur komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið kvaðst hafa verið lögreglumaður í Kópavogi síðan í febrúarbyrjun 1965 og verið í varðsveit stefnanda. Vitnið segir, að stefnandi hafi látið standa vaktir á Reykjanesbraut yfirleitt. Það veit ekki til þess, að varðstöðurnar hafi fallið niður nema í undantekningartilfellum og þá af þeim orsökum, að ekki var nægilegur mannaflí fyrir hendi. Vitnið segir, að verið geti, að stefnandi hafi ekki haft nægilegt eftirlit með því, að varðstöður væru staðnar, en veit þó ekki með vissu til þess, að þær hafi fallið niður, nema eðlilegar ástæður væru fyrir hendi. Vitnið segir, að talsvert umtal hafi verið um varðstöðurnar milli manna og sumir talið þær óþarfar á sumum tímum. Vitnið minnst þess, að það heyrði stefnanda viðhafa ummæli í þá átt. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnanda viðhafa móðgandi ummæli um bæjarfógetann, hvorki í þessu sambandi né öðru.

Vitnið kveðst hafa fengið leiðsögn og leiðbeiningar hjá stefnanda í starfi og ekki hafa undan neinu að kvarta í því sambandi. Hins vegar vissi það til, að Þorbjörn Ásgeirsson, mágur vitnisins, fékk ónóga tilsögn hjá stefnanda, er hann hóf starf sitt, og telur stefnanda hafa sýnt kæruleysi að því leyti. Þá segir vitnið, að stefnandi hafi gert lítið af því að láta menn sína vera úti í eftirliti í lögreglubifreiðum. Vitnið kveðst raunar hafa farið slíkar eftirlitsferðir, en hafa þá yfirleitt haft frumkvæðið að því sjálft, þannig að það spurði stefnanda, hvort það ætti ekki að fara út. Algengt hafi verið, að stefnandi kallaði menn sína inn á stöðina aftur, án þess að tilefni væri til þess. Vitnið kveðst ekkert hafa unnið að eftirliti með þrífnaði og hreinlæti í bænum, en hin vaktin hafi verið athafnasöm á því sviði. Þá kveðst vitnið hafa einhvern tíma spurt stefnanda að því, hvort ekki ætti að taka númer af óskoðuðum bifreiðum, en fékk það svar, að hin vaktin sæi um það.

Yfirleitt þótti vitninu stefnandi vera sinnulaus í starfi og lélegur stjórnandi. Hann hafi oft tekið dauflega undir kærur og

kvartanir. Einhvern tíma hafi maður komið og tilkynnt þjófnað, en stefnandi vísaði á hina vaktina og sagði, að þar væri maður, sem væri sérhæfur í slíku.

Í fyrravetur tók stefnandi til dæmis einhverju sinni við tilkynningu um eldsvoða á Nýbýlavegi 52. Vitnið og Jóhann lög-
regluþjónn voru nýkomnir inn á stöðina og voru að drekka kaffi. Stefnandi sagði þeim frá brunakallinu, en tók fram, að ekkert lægi á, þeir skyldu bara drekka kaffið. Sennilega væri aðeins hæsnahús, sem hefði kviknað í. Sem betur fór fór vitnið og lögregluþjónninn ekki eftir þessu, heldur flýttu sér á staðinn. Var þá eldur í íbúðarhúsi og gömul kona þar inni, en þeim lög-
reglumönnum tókst að ná henni út. Vitnið vann síðan eið að þessum framburði sínum.

Erlendur Tryggvason lögregluþjónn hefur komið fyrir dóm sem vitni og borið eftirfarandi:

Vitnið var í lögregluþiði Kópavogs í tæp 4 ár, en lét af störfum 8. f. m. Síðan vöktum var skipt á þann hátt, sem nú er, var vitnið í varðsveit stefnanda. Vitnið segir það algerlega rangt, að stefnandi hafi vanrækt að láta standa varðstöður á Reykjanesbraut, a. m. k. sé það öruggt, að síðan skrifleg fyrirmæli komu um varðstöðurnar, hafi stefnandi gætt þeirra mjög vel, og fram til þess tíma hafi varðsveit stefnanda staðið þessar vaktir, a. m. k. ekki síður en hinar vaktirnar.

Vitnið kannast ekki við það að hafa heyrt stefnanda tala um nauðsynjaleysi þessara vakta. Annað mál sé það, að mikið umtal hafi verið um þetta meðal lögreglumanna, og sögðu menn þá yfirleitt sínar skoðanir. Vitnið kveðst einhverju sinni hafa talað um þetta mál við stefnanda og haft orð á því, að það væri fráleitt að þurfa að standa þessar vaktir eins og á þeim tímum, þegar umferð er engin um brautina. Stefnandi hafi svarað því einu, að ekkert þýddi að fást um þetta, þar sem bein fyrirmæli væru í þessa átt.

Vitnið neitar því að hafa heyrt stefnanda viðhafa niðrandi ummæli um bæjarfógetann. Vitnið kannast ekki við það, að stefnandi hafi vanrækt að láta menn sína vera í eftirliti í bæn-
um. Það hafi verið gert, eftir því sem tók voru á. Það hafi komið fyrir, að stefnandi hafi kallað lögreglumenn inn, sem voru í eftir-
liti úti um bæinn, og sjái það ekki neitt við það að athuga. Aðrir menn hafi þá stundum farið út í þeirra stað. Þá kannast vitnið ekki við, að stefnandi hafi vanrækt að láta menn sína fylgjast með þrifnaði og umgengni í bænum, a. m. k. kveðst vitnið sjálfst

hafa tekið myndir af bílhraejum og gefið skýrslur. Vitnið segir, að Ingibergi Sæmundssyni hafi verið falið að gera gangskör að því, að bílar færu til skoðunar. Hitt telur vitnið ljóst, að lögreglan sé almennt skyld að láta þar til sín taka, ef óskoðuð bifreið verður á vegi lögreglunnar, og veit ekki annað en þessar skyldur hafi verið ræktar á vakt stefnanda. Þá man vitnið eftir, að þjark var um „kjörbúðarvagnsmálið“ á lögregluvarðstöðinni. Var þar deilt á réttmæti aðgerða bæjarfógeta. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnanda viðhafa ummæli í þá átt, að bæjarfógeti væri að reyna að þóknast kaupmönnum. Hins vegar minnir vitnið, að Ingólfur Ingvarsson hafi reynt að gera stefnanda upp einhver ummæli, sem hann átti að hafa sagt, en stefnandi bar á móti. Þó tekur vitnið fram, að það geti ekki farið nákvæmlega með þetta eftir svo langan tíma. Vitnið kveðst ekki muna til þess, að stefnandi hafi sagt neitt neikvætt um bæjarfógetann, nema ef vera skyldi, að hann hafi sagt, að aðgerðir bæjarfógeta mundu ekki verða vinsælar hjá fólkinu. Vitnið tók fram, að það hefði ætlað að segja upp starfi sínu í vor, en hætt við það að beiðni stefnanda. Vitninu þótti andrúmsloftið í lögreglunni vera orðið óþægilegt.

Þá hafa vitnin Guðlaugur Einarsson bifreiðarstjóri, Magnús B. Kristjánsson skólastjóri og Ólafur St. Sigurðsson fulltrúi komið fyrir dóm, en þar sem framburðir þeirra þykja ekki hafa nein úrslitaáhrif á sakarefni málsins, verða þeir ekki raktir í heild, en vísað til þeirra síðar, eftir því sem ástæða þykir til.

Í hinni ítarlegu sakadómsrannsókn, sem fram hefur farið í sambandi við mál þetta, hafa margir lögregluþjónar komið aftur fyrir dóm og sumir oftast en einu sinni, og þykir rétt að víkja aðeins stuttlega að framburði þeirra, að því leyti er sakaratriði á hendur stefnanda varða.

Vitnið Stefán Bryngeir Einarsson hefur komið aftur fyrir dóm 29. nóvember 1965. Vitnið var þá nánara spurt um afskipti lögreglunnar af hvarfi Sigfrid Thorlacius.

Vitnið tók þá fram, að það hefði ekki heyrt stefnanda sjálfan hringja til fangageymslunnar í Síðumúla, heldur muni stefnandi hafa sagt sér það sjálfur, að hann hefði gert svo. Sama vitni sagði síðar í samprófun með Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta 30. nóvember, að það væri ekki visst um að hafa verið sent út fyrir hádegi til þess að leita að stúlkunni meðfram sjónum, en sig minni þó frekar, að svo hafi verið, en viðurkennir, að það komi ekki heim við þann tíma, sem það var á vakt.

Vitnið Ásmundur Guðmundsson lögregluþjónn hefur komið aftur fyrir dóm 9. nóvember og staðfest þar fyrri framburð sinn að öllu leyti, og kemur þar ekki annað nýtt fram en að vitnið varð vart við óánægju út af því, að varðsveit stefnanda aðhafðist ekkert í þá átt að taka úr umferð óskoðaðar bifreiðar. Man vitnið, að Skafti Ólafsson lét í ljós gremju sína út af því.

Vitnið Guðjón Ásberg Jónsson hefur komið aftur fyrir dóm 29. nóvember. Vitnið kvaðst minnst þess að hafa verið stadd á lögreglustöðinni að kvöldlagi, er varðsveit stefnanda hafði vakt. Kom þá á stöðina bílstjóri og beiddist aðstoðar og var mikið niðri fyrir. Kvaðst hann vera með stúlku í bílnum, sem hann hefði tekið í bílinn á Skúlagötu, en hún ætlaði að fyrirfara sér. Eitthvað hafði verið á reiki með heimilisfang stúlkunnar. Vitnið man, að stefnandi tók manninum ókurteislega og vildi ekkert gera fyrir hann og spurði hann, hvers vegna hann hefði ekki snúið sér til lögreglunnar í Reykjavík. Stóð í einhverju stappi milli þeirra nokkra stund, og minnir vitnið, að bílstjórinn færi þá út og kæmi aftur með þær fregnir, að stúlkan væri farin úr bílnum.

Vitnið Ingólfur Ingvarsson hefur fyrir dómi 11. nóvember lýst því yfir, að það geti ekki verið, að stefnandi hafi sent Stefán Einarsson lögregluþjónn út til að svipast um eftir stúlku þeirri, sem hvarf og áður hefur verið um rætt, því að vitnið hafi sjálft hlotið að verða vart við það, því að það hafi verið á varðstofunni frá því kl. 1000 og fram til kl. 1300 um daginn.

Vitnið Jóhann Tómas Kristjánsson lögregluþjónn hefur komið fyrir dóm aftur 11. nóvember. Vitnið man eftir hvarfi Sigfríð Thorlacius. Það telur, að það hafi þá verið á verði á Reykjanesbraut frá því kl. 0730 til kl. 0930. Eftir að vitnið kom á stöðina, frétti það um hvarf stúlkunnar, enda heyrði það á tal stefnanda við móður hennar í síma. Vitnið man ekki, hvað stefnandi sagði í því símtali. Vitnið veit ekki til þess, að stefnandi hafi sent Stefán Einarsson lögregluþjónn út til þess að svipast um eftir Sigfríð né gera aðrar ráðstafanir í sambandi við hvarf hennar.

Vitnið Þorbjörn Ásgeirsson hefur komið aftur fyrir dóm 11. nóvember. Vitnið ítrekaði þar, að það minntist ekki, að stefnandi gæfi mönnum sínum nein fyrirmæli um að hafa eftirlit með óskoðuðum bifreiðum og ekki heldur að láta það afskiptalaust. Vitnið man ekki eftir því, að varðsveit stefnanda skipti sér neitt af óskoðuðum bifreiðum. Þá kvaðst vitnið að öðru leyti ekki vita til þess, að stefnandi héldi uppi eftirliti með heilbrigðis-

samþykkt bæjarins, og ekki muna eftir því, að sér hafi verið gefin nein almenn fyrirmæli frá honum í þá átt.

Einar Blandon lögregluþjónn hefur komið aftur fyrir dóm 9. nóvember 1965.

Vitnið tók þá fram, að það myndi eftir einu tilfelli, þar sem það var á verði á Reykjanesbraut og stefnandi sótti það á vörðinn án þess að setja annan mann í stað þess og án þess að neitt tilefni virtist til. Þegar undan er skilið þetta tilfelli, man vitnið ekki eftir öðru en það hafi verið látið standa vörð reglulega. Þó tekur vitnið fram, að algengt hafi verið, að varðgæzla hafi ekki hafizt á tilskyldum tíma á morgnana, þ. e. kl. 0730. Hafi það oft dregizt klukkutíma eða svo, og man vitnið, að stefnandi hafði orð á, að óþarft væri að byrja svo snemma, meðan engin umferð væri.

Þá er vitnið nánar spurt um, hvort varðstöður hafi fallið niður vegna skorts á mannafla, og kvaðst þá vitnið ekki geta munað eftir neinu sérstöku tilfelli í þá átt. Í sambandi við brunann á Nýbýlavegi 52 tekur vitnið fram, að er þeir Jóhann komu á staðinn, hafi gamla konan, Fanney Pétursdóttir, verið inni í húsinu og þeir fengið hana til að koma út, en hún hafi verið ófús til þess. Hins vegar hafi eldurinn ekki verið orðinn svo magnaður, að hún hafi verið í bráðri lífshættu.

Framburði annarra lögreglumanna, sem fyrir dóm hafa komið aftur, þykir ekki ástæða til að rekja frekar.

Stefnandi hefur komið aftur fyrir dóm 11. október 1965. Hann neitar því eindregið að hafa vanrækt að láta menn sína standa vörð á Reykjanesbraut og kannast ekki við, að neinn misbrestur hafi orðið á því í vikunni kringum miðjan júní. Hann segir, að ef til vill hafi einhvern tíma komið fyrir, að vakt félli niður, en þá hafi með vissu verið um lögmæt forföll að ræða, svo sem veikindi, snöggð útkall og fleira. Þá bendir hann á, að menn, sem um brautina fari, hafi ófullkomna aðstöðu til að sannreyna, hvort lögreglumaður sé á verði. Þá geti hann ekki ábyrgzt að fullu, að vörðurinn hafi staðið í stöðu sinni. Honum sé þó ekki kunnugt um slíkt, en bendir á það sem möguleika.

Hann neitar eindregið að hafa haft í frammi nokkurn andróður gegn varðgæzlunni. Honum var þá kynntur framburður vitna um þetta atriði, en hann kvað það í engu breyta framburði sínum. Stefnandi kveðst hafa gert uppkast að fyrirkomulagi að varðgæzlu á Reykjanesbraut og eftir tillögum hans hafi verið farið. Þá neitar hann því eindregið að hafa gert tillögur sínar

með það fyrir augum að ná sem mestum launum handa starfsmönnum lögreglunnar. Varðgæzla á Reykjanesbraut hlaut óhjákvæmilega að lengja vinnutíma lögreglumanna, þannig að í föstum varðtíma þeirra hlaut að vera nokkur aukavinna. Stefnandi bendir á, að bæjarfógeti hafi fallizt á tillögur hans og auðvelt sé að kanna þetta kerfi, sem stefnandi hafi sjálfur búið til, og finna út, hvort nokkur sé hlunnfarinn í því. Þá kveðst stefnandi hafa leiðbeint nýliðum eftir föngum, meira að segja hafi hann reynt að kynna nýliðum reglur um meðferð opinberra mála og hegningarlög.

Stefnandi kveðst hafa reynt að halda mönnum sínum úti í almennu eftirliti og eftir því sem framast var unnt, þ. e. a. s. ef lögreglumennirnir höfðu ekki öðrum brýnum verkefnum að sinna. Hann kveðst sjálfur oft hafa verið í slíkum eftirlitsferðum á kvöldin. Stefnanda var kynntur vitnaframburður um þetta atriði, og mótmælir hann því, sem þar kom fram, að svo miklu leyti sem það gekk á móti því, sem hann hefur um þetta atriði borið.

Stefnandi var spurður um ummæli sín um bæjarfógeta í sambandi við kjörbúðarmálið. Hann heldur þar að öllu leyti við fyrri framburð sinn um þetta efni og sagði framburð Ingólfs Ingvars-sonar og Guðmundar Óskarssonar rangan. Sér hafi legið afstaða bæjarfógeta til þessa máls í léttu rúmi.

Þá mótmælir stefnandi eindregið framburði Kjartans Sigurjónssonar. Hann kveðst aldrei hafa haft nein illmæli um bæjarfógeta í viðurvist hans, enda lítið eða aldrei minnzt á bæjarfógeta við hann. Stefnandi kvaðst minnast þess, að skrifleg fyrirmæli hefðu komið á lögreglustöðina í sambandi við eftirlit með þrífnaði í bænum. Hann heldur því fram, að hann hafi í því sambandi staðið fyllilega í stöðu sinni. Hann man ekki betur en að skýrslur væru gefnar af lögreglumönnum á hans vakt um þetta efni, eftir því sem ástæður voru til.

Hann kveðst aldrei hafa mælt svo fyrir, að varðmenn hans skyldu ekki skipta sér af óskoðuðum bifreiðum. Hins vegar hafi verkum verið skipt þannig, að stefnandi annaðist færslu saka-skrár, en Ingibergur hafði bílaskrána og sá um að eltast við óskoðaðar bifreiðar. Þá kveðst stefnandi ekki muna eftir bruna-kalli vegna Nýbýlavegar 52 23. apríl og kveður fráleitt, að hann hafi brugðizt við því eins og Einar Blandon og Jóhann Kristjánsson segja. Hann neitar því eindregið að hafa nokkurn tíma staðið fyrir því, að menn sínir sinntu útkalli. Þá kveðst stefnandi muna eftir tilkynningu um hvarf Sigfrid Thorlacius. Móðir stúlkunnar

hafi hringt til sín og sagt, að Sigfrid hefði farið út um nóttina og væri hún hálf hrædd um hana. Ráðgaðist hún um, hvað gera skyldi, hvort rétt væri að leita. Stefnandi segir, að sér hafi verið kunnugt um óreglu stúlkunnar og hafi sagt móðurinni, að sjálf-sagt væri að hefja leit að henni, en vakið athygli hennar á, hvort ekki væri rétt, að hún spyrðist fyrst um hana og hringdi síðar. Konan hafi svo hringt aftur, og man stefnandi ekki betur en að gerðar væru ráðstafanir til að leita að henni.

Stefnanda var kynntur framburður Ingólfs Ingvarssonar um þetta atriði. Hann tók fram, að þar sem svo langt væri frá liðið, myndi hann þetta ekki alveg nákvæmlega, en vísar til skýrslna og lögreglubókar.

Hafa nú verið raktir vitnaframburðir, eins og atvik málsins gefa tilefni til.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að honum hafi verið vikið ólöglega úr starfi sem lögregluvarðstjóra í Kópavogi. Hann hafi ekkert brotið af sér í starfi sínu né einkalífi, sem réttlætt geti brottvikningu úr starfinu á þann hátt, sem hér sé gert.

Sakadómsrannsókn sú, sem fram hafi farið, hafi sýnt, að hann hafi ekki brotið neitt af sér í starfi, þar sem af hálfu ákæruvaldsins séu engar frekari aðgerðir fyrirskipaðar.

Þá megi ráða af framburðum vitna, sem leidd hafi verið í málinu, að sakargiftir þær, sem bornar eru á hann fyrir ávirðingar í starfi, hafi ekki við nein rök að styðjast. Hann hafi rækt starf sitt sem lögregluvarðstjóri óaðfinnanlega og mátt því gera ráð fyrir að halda starfinu áfram, svo lengi sem sér entist heilsa, enda væri það ekki lagt niður. Uppsögnin sé því að öllu leyti ólögmæt og eigi hann því rétt til fjárbóta úr hendi stefnda fyrir allt það tjón og röskun á stöðu og högum, sem þessi ólögmæta brottvikning hefur valdið honum.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að dómsrannsókn sú, sem fram fór síðla árs 1965 og stóð fram í marz 1966, hafi leitt í ljós, að stefnandi máls þessa var óhæfur til þess að gegna starfi sínu í lögregluliði Kópavogs. Til stuðnings þessari skoðun sinni vísar stefndi til bréfs dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. marz 1966, þar sem segir svo:

„Með vísun til þess, sem upplýst er í rannsókninni um hátt-erni stefnanda í starfinu, svo og með tilliti til almennra hagsmuna lögregluliðsins, en sýnt er, að framhald starfa hans sem yfirmanns í lögregluliðinu mundi hafa í för með sér alvarlega röskun á starfsemi þess, telur ráðuneytið því rétt, að Ingólfur

Finnbjörnsson verði leystur frá starfi sem lögregluvarðstjóri í lögregluliði Kópavogs“.

Þá segir svo í bréfi saksóknara ríkisins, dags. 31. marz 1966: „Að m. a. með tilliti til þess, að kærða hefur nú vegna atvika þeirra, er rannsóknin snýst um, verið vikið úr starfi, samkv. meðfylgjandi ljósriti af bréfi dómsmálaráðuneytisins til þessa embættis, dags. í gær, er eigi af ákærvaldsins hálfu krafizt frekari aðgerða í máli þessu“.

Þarna komi berlega fram, að frekari aðgerða í máli stefnanda hafi ekki verið krafizt, meðal annars með tilliti til þess, að kærða hafi þá verið vikið úr starfi. Slíkt sé auðvitað allþungbært þeim, sem fyrir verður, og hafi saksóknari samkvæmt framansögðu talið það allnokkra refsingu og réttlæti það, að eigi væru gerðar frekari refsikröfur á hendur stefnanda.

Stefndi hafi greitt stefnanda kaup fyrir þann tíma, meðan dómsrannsókn stóð yfir, svo sem lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins mæla fyrir um. Hafi verið algerlega óheimilt að inna af hendi til stefnanda frekari greiðslur en þessi skýru laga-fyrirmæli segja um.

Skal nú vikið að þeim ávirðingum, sem stefnandi er talinn hafa gerzt sekur um í starfi sínu og sakamálsrannsóknin hefur einkum snúizt um, og skal þá fyrst komið að því, að stefnandi hafi haft uppi áróður við undirmenn sína gegn nauðsyn fastrar löggæzlu á Reykjanesbraut.

Ljóst er af framburði vitna í málinu, að stefnandi hefur verið andvígur framkvæmd þessarar löggæzlu á þann hátt, sem lagt var fyrir hann. Hins vegar kemur hvergi fram, að hann hafi neitað að hlýða fyrirmælum yfirmanns síns um framkvæmd hennar. Þá ber vitnum saman um, að eftir að lögreglustjóri gaf varðstjórnum skrifleg fyrirmæli að framfylgja varðgæzlunni stranglega, hafi stefnandi orðið við þeirri skipun.

Þá hefur sakamálsrannsóknin ekki leitt í ljós gegn eindregnum mótmælum stefnanda, að hann hafi haldið uppi við undirmenn sína óhróðri eða illmælum um yfirmann sinn, lögreglustjórann í Kópavogi. Enn fremur er það ósannað í málinu, að framkoma stefnanda við undirmenn sína hafi verið aðfinnsluverð. Aftur á móti hafa tvö vitni borið og staðfest framburði sína með eiði, að stefnandi hafi ekki brugðið skjótt við, er tilkynntur var eldsboði að Nýbýlavegi 52 þann 23. apríl 1965. Þá kemur það fram í sakamálsrannsókninni, að stefnandi hefur ekki

sýnt sjálfsagðan viðbragðsflýti í sambandi við hvarf stúlkunnar Sigfrid Thorlacius.

Þessar ávirðingar þykja þó ekki slíkar, að þær réttlæti fyrirvaralausa brottvikningu úr starfi, enda hafði stefnanda ekki verið veitt áminning og honum gefinn kostur á að bæta ráð sitt, áður en honum var vikið frá störfum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, þykir hin fyrirvaralausa brottvikning stefnanda úr störfum ekki hafa verið studd nægilegum rökum og þar af leiðandi ólögmæt.

Hins vegar er þess að gæta, að þegar virtir eru vitnisburðir framangreindra manna, sem allir þekktu stefnanda og höfðu meira eða minna unnið með honum, er ljóst, að hann hefur ekki sýnt þá háttsemi í starfi sínu, sem ákjósanleg er, þegar um lögregluvarðstjóra er að ræða. Með tilliti til þessa hefur stefnandi átt þátt í því, að starfi hans sem lögregluvarðstjóra lauk fyrr en ella, og ber að hafa það í huga, þegar bætur eru ákveðnar.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Eftirstöðvar kaups fyrir tímabilið 1. september 1965 til 1. apríl 1966, þ. e. kr. 242.523.00 að frádregnum kr. 53.978.00, innborgað á tímabilinu, kr. 188.545.00
2. Fébætur vegna fyrirvaralausrar brottvikningar 29. marz 1966, miska og röskunar á stöðu og högum, þ. á m. missi lífeyrisréttinda, og er tjón þetta metið hér til tólf mánaða kaups, þ. e. kr. 14.242.00
sinnum tólf — 170.904.00
3. 7% orlof af kr. 242.523.00 — 16.976.00
4. Fatapeningar — 10.000.00

Samtals kr. 386.425.00

Skal nú vikið að kröfum stefnanda.

Rétt þykir að taka til meðferðar sameiginlega lið 1 og 2.

Það er óumdeilt í málinu, að fastakaup stefnanda var sem næst kr. 14.000.00 á mánuði.

Þegar litið er til starfsaldurs stefnanda og þess, að honum voru greidd hálf laun, meðan rannsókn málsins stóð yfir, þykir með hliðsjón af öllum atvikum bætur til hans hæfilega ákveðnar samkvæmt ofangreindum liðum kr. 98.000.00. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu, hvort stefnandi hefur haft tekjur frá öðrum á því tímabili, sem hér um ræðir.

Um lið 3. Undir þessum lið krefst stefnandi orlofs, 7% af kr. 242.523.00, eða samtals kr. 16.976.00. Þessari kröfu hefur

stefndi algerlega mótmælt. Stefnandi var fastráðinn starfsmaður og hafði tekið sumarleyfi, áður en til brottvikningar kom. Á hann því ekki rétt á orlofsgreiðslu, og verður því þessi kröfu-liður ekki tekinn til greina.

Um lið 4. Stefnandi krefst fatapeninga að upphæð kr. 10.000.00. Þessum lið hefur stefndi mótmælt. Fatapeningar teljast ekki til fastra launa, og verður því þessi liður ekki tekinn til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 98.000.00 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari, en dómsuppsaga hefur dregizt venju fremur sökum brottveru dóm-arans úr bænnum.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Kópavogi f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Ingólfi Finnbjörnssyni, kr. 98.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1969.

Nr. 30/1968. **Hitavirkjun h/f**

(Sigurður Sigurðsson hrl.)

gegn

Sigurjóni Guðmundssyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Verksamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. febrúar 1968. Krefst hann sýknu af kröfu gagnáfrýjanda